



HRUNAMANNAREPPUR

5. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 11. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN

4. OKTÓBER 2018

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2018, þann 4. október kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 9.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Siðareglur kjörinna fulltrúa í Hrunamannahreppi.**

Oddviti kynnti gildandi siðareglur kjörinna fulltrúa í Hrunamannahreppi en sveitarstjórn þarf að taka afstöðu til þess hvort siðareglurnar þarfnist endurskoðunar eða ekki. Sveitarstjórn telur ekki tilefni til breytinga og samþykkir siðareglurnar óbreyttar.
- 2. Samansafnið á Sólheimum: Samningur.**

Oddviti kynnti styrktarsamning milli Hrunamannahrepps og Samansafnsins á Sólheimum. Hann felur í sér árlegan styrk að fjárhæð kr. 60.000 en að móti kemur að nemendur Flúðaskóla, leikskólans Undralands og íbúar Hrunamannahrepps eldri en 67 ára eiga gjaldfrjálsan aðgang að safninu. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann. Kostnaður bókast á deild 0580.
- 3. Umhverfisstofnun: Tillaga að friðlýsingu svæðis í verndarflokki rammaáætlunar til kynningar Suðurland-vatnasvið Jökulfalls og Hvítár í Árnessýslu.**

Oddviti kynnti tillögu að friðlýsingu svæða í verndarflokki rammaáætlunar sbr. 53. gr. náttúruverndarlaga nr 60/2013. Tillaga er að friðlýsingu svæðis vegna vatnasviðs Jökulfalls og Hvítár í Árnessýslu sem snerta Gýgjarfossvirkjun og Bláfellshálsvirkjun sem eru í verndarflokki rammaáætlunar. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og óskar eftir skýringum frá Umhverfisstofnun um útfærslu friðlýsingarinnar í samstarfi við Bláskógabyggð.
- 4. Vesturbrún 2018: Verklök.**

Oddviti kynnti viðauka vegna verksamnings um Vesturbrún á Fúðum þannig að verklök verksins verði 30. júní 2019 í stað 26. október 2018. Meirihluti sveitarstjórnar samþykkir viðaukann og felur sveitarstjóra að undirrita hann. D listi Sjálfstæðismanna og óháðra leggur fram eftirfarandi bókun um verkið "Vesturbrún 2018" vegna ákvæða um verklök í samningi. Verkið er ekki hafið þó svo að í 3. grein verksamnings sé miðað við að verkið sé hafið í mars 2018 og á verkinu að vera lokið eigi síðar en 26. október 2018. Við viljum benda á að gæta þarf sanngirnis þegar opinber aðili býður út verk og því ber að fylgja samningum sem gerðir eru eftir útboð. Við hefðum heldur kosið að verkinu yrði frestað til ársins 2020 og verði þá boðið út aftur eða verkið fryst og kostnaður vísitölutryggður. Sveitarfélagið stendur í ljósleiðaravæðingu og er mikilvægt að sveitarfélagið forgangsraði fjármunum sínum í það verkefni fyrst til að minnka lántöku sveitarfélagsins.
- 5. Ársþing SASS, HES og SOS: Kjörbréf.**

Ársþing SASS, HES og SOS verður haldið á Hótel Örk 18. og 19. október nk. Sveitarstjórn samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á ársþingi SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson og Jón Bjarnason en til vara Kolbrún Haraldsdóttir og Bjarney Vignisdóttir. Fulltrúi á

aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri og til vara Halldóra Hjörleifsdóttir.

6. **Límtré Vírnet ehf: Forkaupsréttur.**

Oddviti kynnti erindi frá Límtré Vírnet ehf þar sem óskað er afstöðu sveitarfélagsins hvort það vilji nýta sér sem hluthafi forkaupsrétt vegna sölu á 200.000 hlutum í félaginu sem er um 0,15% af heildarhlutafé félagsins. Sveitarstjórn samþykkir að nýta sér ekki forkaupsréttinn.

7. **Samningur um snjómokstur. Vegagerðin.**

Oddviti kynnti samning til þriggja ára um snjómokstur í Hrunamannahreppi milli Vegagerðarinnar og Hrunamannahrepps við Fögrusteina ehf. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

8. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga á breytingu á lögum vegna skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjárforeldrum.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga á breytingu á lögum vegna skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjárforeldrum.

9. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingi um tillögur til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda.

10. **Heimild skipulagsfulltrúa til undirritunar uppdráttar.**

Oddviti kynnti beiðni frá skipulagsfulltrúa UTU bs um heimild til undirritunar uppdráttar fyrir hönd Hrunamannahrepps vegna gildistöku gagnvart Skipulagsstofnun. Sveitarstjórn samþykkir að veita Rúnari Guðmundssyni skipulagsfulltrúa heimild til að undirrita f.h. Hrunamannahrepps uppdrætti sem varða gildistöku aðalskipulagsbreytinga, gildistöku nýrra deiliskipulagstillagna og vegna gildistöku breytinga á gildandi deiliskipulagstillögum.

11. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði mánudaginn 5. nóvember n.k. kl. 14:00 í ráðhúsi Hrunamannahrepps á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

12. **Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 2. fundar frá 4. september s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar lýðheilsu- og æskulýðsnefndar. Árni Þór Hilmarsson kynnti æskulýðsstarf vetrarins, opnunartímar tækjasals og sundlaugar voru rædd og tillögur um breytingar. Þá var farið yfir hugmyndir um aðstöðubreytingar í íþróttahúsi og rætt um heilsuleikskóla. Sveitarstjórn vísar tillögum nefndarinnar til verkefnisins heilsueflandi samfélags og fjárhagsáætlunargerðar.

13. **Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 3. fundar frá 18. september s.l.**

Oddviti kynnti 3. fund lýðheilsu- og æskulýðsnefndar. Maja Vilstrup kynnti vetrarstarf í Félagsmiðstöðinni Zero og Ástráður Unnar Sigurðsson, fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps í nefndinni kynnti starfsemi ungmennaráða. Þá skipaði nefndin fulltrúa í Ungmennaráð Hrunamannahrepps og ræddar aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi og starfsemi ungmennaráða almennt, skipun í ungmennaráð Hrunamannahrepps og tillögur um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Nefndin skipaði í ungmennaráð Hrunamannahrepps þau Nóa Mar Jónsson, Mathias Braga Ölvisson og Önnu Marý Karlsdóttur sem aðalmenn og til vara þau Brynju Sólveigu Pálsdóttur, Ragnheiði Guðjónsdóttur og Mána Snæ Benediktsson. Þá hefur félagsmiðstöðin Zero skipað sem fulltrúa sinn í ungmennaráðið Birgi Januz Kuc og til vara Milenu Jósefik. Einnig hefur nemendaráð Flúðaskóla skipað fulltrúa sinn í ráðið, Unu Bóel Jónsdóttur og til vara Sonju Ýr Benediktsdóttur.

Sveitarstjórn staðfestir skipun í ungmennaráð Hrunamannahrepps og leggur til að hugmyndum sem varða ungmennaráð verði vísað til ráðsins. Varðandi tillögur nefndarinnar um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi er lagt til að þeim verði vísað til vinnu við heilsueflandi samfélag. Sveitarstjórn staðfestir síðan fundargerðina að öðru leyti.

- 14. Umhverfisnefnd: Fundargerð 2. fundar frá 22. september s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar umhverfisnefndar. Farið var yfir hlutverk nefndarinnar, siðareglur og trúnað, fjallað um hugmyndir um stofnun miðhálandisþjóðgarðs og fund með Gámabjónustunni sem hirðingaraðila í sorpi. Þá var fjallað um sorphirðu og þjónustu við íbúa og gesti og tillögu um skipulagða flokkun sorps hjá stofnun sveitarfélagsins. Þá var rætt um gerð umhverfis- og auðlindastefnu fyrir Suðurland og fyrirhugaða friðlýsingu vegna Gýgjarfoss- og Bláfellsvirkjun. Sveitarstjórn samþykkir að fara í frekari flokkun á sorpi og felur sveitarstjóra að ræða við verktaka um sorphirðu um mögulegar breytingar á samningi og jafnframt að málið verði skoðað í tengslum við fjárhagsáætlunargerð og breytingar á gjaldskrá. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina að öðru leyti.
- 15. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 4. fundar frá 26. ágúst s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar landbúnaðarnefndar. Farið var yfir vinnuferðir upp á afrétt til undirbúnings fjallferðar, tillögu um röðun í leitir, farið yfir matarmál afréttarmanna og önnur mál sem snúa að skipulagi fjallferðar. Fundargerð lögð fram til kynningar.
- 16. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 5. fundar frá 27. ágúst s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar landbúnaðarnefndar. Farið var yfir röðun í í leitir, matarmál, endurskinsvestismál og mönnun í skilaréttir. Fjallað var um breytingu á eftirsafni, vinnuferð á afréttinn, skipulag á Heiðarsmalamennsku o.fl. Þá var Steinari Halldórssyni fráfarandi fjallkóngi þakkað fyrir góð störf. Fundargerð lögð fram til kynningar.
- 17. Öldungaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð 1. fundar frá 2. september.**
Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar öldungaráðs Hrunamannahrepps. Öldungarráðið kusu stjórn fyrir ráðið þannig að Halldór Guðnason er formaður, Þröstur Jónsson, varaformaður og Kristín Garðarsdóttir er ritari. Ráðinu voru afhentar möppur með upplýsingum um starfið, aðsendu erindi vísað til næsta fundar og síðan talað um vinnureglur innan hópsins. Fundargerð lögð fram til kynningar.
- 18. Öldungaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð 2. fundar frá 22. september.**
Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar öldungarráðs. Farið var yfir bréf sem nefndinni barst vegna gjalds á heimsendingu á mat og gerð tillaga um jafnaðarverð. Þá var ráðstefnan „Aldrei of seint“ kynnt og ákveðið með næsta fund. Sveitarstjórn vísar máli vegna heimsendingu á mat til fjárhagsáætlunargerðar og endurskoðunar á gjaldskrá.
- 19. Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 3. fundar frá 24. september s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar atvinnu-, ferða- og menningarnefndar. Þar var fjallað um undirbúningsfund um gerð umhverfis- og auðlindastefnu fyrir Suðurland, farið yfir hvernig gekk um verslunarmannahelgina, rætt um upplýsingarþjónustu fyrir ferðamenn, hugmyndir reifaðar um mögulega sögusýningu í húsnaði við Flugvallaveg og fjallað um spurningar sem nefndin sendi á sveitarstjórn eftir síðasta fund. Sveitarstjórn telur að á þessu stigi málsins sé ekki tímabært að taka ákvörðun um menningartengda aðstöðu að Flugvallarvegi 1. Fundargerðin lögð fram til kynningar að öðru leyti.

Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita Árnassýslu:

- 20. Fundargerð 162. fundar skipulagsnefndar frá 13. september s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 8. og 29. ágúst s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 162. fundar skipulagsnefndar frá 13. september og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 8. og 29. ágúst s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 31. Birkibýggð 5. Deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram beiðni um óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagsskilmálum sumarhúsabyggðar í Birkibýggð í landi Grafar í Hrunamannahreppi. Núverandi skilmálar gera ráð fyrir mænisþökum eða flötum þökum. Farið er fram á að þakform og mænisstefna þaka verði gefin frjáls þannig að í þessu tilfalli sé hægt að byggja hús með einhalla þaki. Einnig að hæð frá gólfi að efri brún þaka verði mest 5,5m. Að öðru leyti halda gildandi skilmálar sér.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir fyrirbyggjandi breytingu á gildandi deiliskipulagi í Birkibýggð. Að mati

sveitarstjórnar er breytingin óveruleg og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir lóðarhöfum innan skipulagssvæðisins. Breytingin nær til greinar 4.2. í gildandi deiliskipulagi og kemur til viðbótar þeirri breytingu sem var samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps 2. febrúar 2017.

Mál nr. 32. Foss. Umsókn um byggingarleyfi.

Lögð var fram beiðni landeiganda um byggingarleyfi til að byggja 287,2 m² vélageymslu á jörðinni Fossi í Hrunamannahreppi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi vegna vélaskemmunar. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu þar sem ekki eru aðrir hagsmunaaðilar nálægir. Halldóra víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

Mál nr. 33. Miðsvæði Flúða. Deiliskipulagsbreyting á félagsheimilisreit.

Lögð var fram beiðni Hrunamannahrepps um breytingu á gildandi deiliskipulagi miðsvæðis á Flúðum. Breytingin felst í að afmörkuð er ný 56 m² lóð fyrir spennistöð vestan við hornið á Ungmennafélagsgarðinum. Þá er einnig afmörkuð 330 m² lóð fyrir rotþró/hreinsistöð suður af lóð Félagsheimilis Flúða. Þá er gerð breyting á skilmálum greina 2.12 og 2.13 vegna ofangreindra lóða.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að breyting á deiliskipulagi verði auglýst skv. 1.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 34. Afgreiðslur byggingafulltrúa frá 8. ágúst s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 8. ágúst s.l.

Mál nr. 35. Afgreiðslur byggingafulltrúa frá 29. ágúst s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 29. ágúst s.l.

21. Fundargerð 163. fundar skipulagsnefndar frá 25. september s.l, og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 18. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 163. fundar skipulagsnefndar frá 25. september og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 18. september s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 24. Gröf og Laxárhlið. Miðsvæði Flúða. Deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi fyrir svæði sem afmarkast af Gröf L166755 og Laxárhlið L166800 í Hrunamannahreppi og skilgreint er sem miðsvæði M2 í gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. M2 er skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði en einnig er gert ráð fyrir íbúðum. Markmiðið er að hefja uppbyggingu á blandaðri byggð þar sem gert er ráð fyrir íbúðabyggð ásamt safna- og ferðatengdri starfsemi, hreinlegri atvinnustarfsemi í tengslum t.d. við handverk, listsköpun, leiklist o.s.frv. Byggðin er áætluð lágrest og gert er ráð fyrir 30-50 íbúðum í fjölbreyttu íbúðaformi, allt frá einbýlishúsum til lítilla fjölbýla svo og íbúðum á efri hæðum verslunar- og þjónustuhúsnæða. Gert er ráð fyrir göngubrú yfir Litlu-Laxá sem liggja mun að skóla- og þjónustusvæði á Flúðum. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir tillöguna og mælist til að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óska skal eftir umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands á tillögunni.

Mál nr. 25. Dalaland 6. Deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, breyting byggingarskilmála deiliskipulags fyrir Dalaland við Hólabýfi þar sem verið er að hækka nýtingarhlutfall upp í 0,03 þannig að heimilt verði að byggja 130m² frístundahús og allt að 40m² gesta/aðstöðuhús. Þök skulu vera með risformi eða flöt. Tillagan var auglýst frá 8. ágúst til 19. september 2018. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir tillöguna og að hún verði send Skipulagsstofnun til afgreiðslu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 35. Afgreiðslur byggingafulltrúa frá 18. september s.l.

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 19. september s.l.

22. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings: Fundargerð 28. fundar frá 4. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 28. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Forstöðumaður fór yfir hlutverk og starf nefndarinnar, lagðar fram reglur um könnun og meðferð barnaverndarmála sem nefndin samþykkti. Þá var lögð fram kynning á ársskýrslu skóla- og velferðarþjónustu 2017 og fjallað um trúnaðarmál. Sveitarstjórn samþykkir reglur um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála eða málaflokka hjá starfsmönnum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings og staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 268. fundar stjórnar frá 22. ágúst s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. Brunavarnir Árnæssýslu: Fundargerð 2. fundar stjórnar frá 24. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 190. fundar frá 26. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- d. Byggðasafn Árneseinga: Fundargerð 2. fundar stjórnar frá 25. september s.l.**
Lagt fram til kynningar
- e. SASS: Fundargerð 536. fundar stjórnar frá 18. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- f. Hrunaljós: Verkfundargerð frá 12. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. Hrunaljós: Verkfundargerð frá 26. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- h. Jöfnunarsjóður: Úthlutun vegna sérþarfa fatlaða nemenda í grunnskólum.**
Lagt fram til kynningar.
- i. Félagsráðgjafafélag Íslands.**
Lagt fram til kynningar.
- j. Flúðaskóli: Upplýsingar um umbótaáætlun sveitarfélagsins.**
Lagt fram til kynningar.
- k. Leikskólinn Undraland: Upplýsingar um umbótaáætlun sveitarfélagsins.**
Lagt fram til kynningar.
- l. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 862. fundar stjórnar frá 31. ágúst s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- m. Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 10. október n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- n. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 10. október n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- o. Fjármálastefna Sveitarfélagana 11.-12. október n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- p. Ársþing SASS 18.-19. október n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- q. Haustfundur Héraðsnefndar Árneseinga 22. október n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- r. Kynningarfundur ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnæssýslu 29. október n.k.**

Skýrslur á skrifstofu:

- s. Skipulagsstofnun: Mannvirki á miðhálandinu.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.16.50.